



Umsögn Tabú, femíniskrar fötlunarahreyfingar um Sviðslitastefnu 2026-2030 (mál nr. S-88/2026)

Tabú hefur lesið yfir drög að sviðslistastefnu 2026-2030 og vill koma á framfæri nokkrum hugleiðingum og athugasemdum.

Tabú er femínísk fötlunarahreyfing sem beinir sjónum sínum að margþættri mismunun og berst fyrir réttlátara samfélagi á öllum sviðum lífsins. Eitt af baráttumálum Tabú er að berjast fyrir jöfnu aðgengi að sviðslistum fyrir áhorfendur og listamenn sem og sviðslistamenntun. Vert er að hrósa orðum í inngangi stefnunnar sem svo hljóða:

„Aðgengi og inngilding á öllum stigum er leiðarstef sviðslistastefnu. Samfélagsgerðin á Íslandi hefur tekið örum breytingum á undanförunum árum og mikilvægt að sviðslistir þróist í takt við það og endurskoði lýðræðislegt hlutverk sitt. Sviðslistir eiga að vera aðgengilegar öllum óháð lífsskoðun, trú, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund, uppruna, húðlit, búsetu, fjárhagslegum- og félagslegum aðstæðum í samræmi við menningarsókn og landsáætlun stjórnvalda og er þar jafnt aðgengi barna að sviðslistum eitt meginmarkmið.“

Þetta eru sannarlega orð í tíma töluð en við lestur á aðgerðum sviðslistastefnunnar er erfitt að merkja hvernig stefnan uppfyllir leiðarstefið um aðgengi og inngildingu sem fullyrt er um í inngangi. Fyrir jaðarsetta hópa eins og fatlað fólk sem ítrekað hefur brennt sig á slíkum loforðum er mikilvægt að við hverja einustu aðgerð sé gerð grein fyrir því hvernig tryggja eigi aðgengi og inngildingu og með hvaða hætti því sé fylgt eftir. Á þetta einnig við um aðra jaðarsetta hópa en þessi umsögn er fyrst og fremst skrifuð út frá fötlunarsjónarmiði.

List er hreyfiafl viðhorfsbreytinga

Að njóta lista eða starfa sem listamaður á ekki að vera forréttindi fárra heldur réttur allra. Fatlað fólk er fjölbreyttur hópur sem mætir ólíkum hindrunum - allt frá líkamlegum aðgengishindrunum til kerfislegra hindrana í menntakerfinu, og oft margþættri mismunun þar sem fötlun skarast við kyn, kynhneigð, uppruna og aðra jaðarsetta stöðu í samfélaginu og er þar af leiðandi mikilvægt að nálgast stefnumótun út frá samtvinnun (intersectionality).

Þökk sé fötlunarbaráttu síðustu áratugi hefur töluvert áunnist í réttindamálum fatlaðs fólks. Lög og reglugerðir hafa tekið að breytast og endurspegla nú mannréttindi okkar að miklu leyti. Þó réttindi okkar séu í meira mæli komin í lög þá er þar einungis hálfur sigurinn unninn því viðhorf til fatlaðs fólks er oft en ekki skaðlegt og ekki í samræmi við mannréttindi. Sviðslistir koma þar inn sem sterkt hreyfiafl viðhorfsbreytinga með því að sýna birtingarmyndir fötlunar í raunhæfu ljósi þar sem áhorfandanum er gerður sá greiði að njóta sköpunarverka fatlaðs fólks og skora þannig skaðlegar staðalmyndir á hólmi. Í gegnum tíðina hefur fatlað fólk þurft að horfa upp á staðalmyndir af sér vera leikna á sviði, af ófötluðum leikurum, sem skilur fatlaðan áhorfenda alla jafna eftir með skömm sem erfitt er að koma orðum að. Þar að auki skilur það áhorfendur eftir með skakka mynd af veruleika fatlað fólks. Fatlað fólk þarf að vera virkir þátttakendur á öllum sviðum sviðslistar svo þær endurspegli samfélagið og uppræti fordóma og mismunun.

Gagnrýni á slíkum staðalmyndum á sviði hefur að miklu leyti verið hunsuð, svarað að ekki sé nóg af fötluðum leikurum með sviðslistamenntun eða borið fyrir sig að skortur á fjármagni sé rót vandans. Ýtir sú staðreynd enn frekar undir mikilvægi þess að sviðslistastefna 2026-2030 sé með skýrar aðgerðir gegn mismunun og útilokun á fötlðu fólki.

Skyldur stjórnvalda og samstarf við fatlaða sérfræðinga í sviðslistum

Samkvæmt 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er stjórnvöldum skylt að tryggja jafnan rétt fólks til þátttöku í menningarlífi og listum. Ísland undirritaði

samninginn árið 2007 og fullgilti hann árið 2016. Vorið 2024 samþykkti Alþingi landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2024-2027 og var það liður í innleiðingu og lögfestingu samningsins. Skipaður var starfshópur á vegum menningar- nýsköpunar og háskólaráðuneytisins í kjölfarið. Í starfshópnum sat fólk með persónulega reynslu af fötlun og víðtæka snertingu við menningu og listir. Megin hlutverk starfshópsins var að skoða leiðir til þess að auka þátttöku fatlaðs fólks í menningu og listum. Starfshópurinn starfaði frá miðjum janúar til júní 2025 þar sem aflað var gagna og fundað með helstu aðilum opinberra menningarstofnanna. Auk þess var sendur spurningalisti til að afla upplýsinga um aðgengi fatlaðs fólks að menningu og listum eins og hún blasir við hjá opinberum listastofnunum, menningarsjóðum og háskólastofnana í listum. Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu með ítarlegum tillögum að aðgerðaráætlun í mars 2026 og finna má á vefsíðu [Stjórnarráðsins](#).

Tabú lýsir yfir vonbrigðum með að tillögur starfshópsins hafi ekki skilað sér inn í sviðslistastefnu sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 19. maí síðastliðinn. Er því ekki úr vegi að velta upp þeirri spurningu um tilgang slíks starfshóps þegar sviðslistastefna ber ekki gaum af starfi starfshópsins eða samráði við fatlað listafólk. Tillögurnar í skýrslu starfshóps eru mótaðar út frá ítarlegri greiningu á stöðu fatlaðs fólks, af fötluðu fólki sem eru sérfræðingar þegar kemur að aðgengi fatlaðra að listum og menningu. Velji stjórnvöld að hunsa vinnu starfshópsins sýna þau afstöðu gegn skuldbindingum sínum á alþjóðasviði mannréttinda.

Megintillaga

Tabú beinir þeim megintillögu til stjórnvalda að sviðslistastefna verði endurskoðuð með hliðsjón tillagna starfshóps um þátttöku fatlaðs fólks í listum og menningu að:

- Lista og menningarstofnunum sem þiggja opinbert fjármagn sé skylt að móta aðgengis- og inngildingarstefnu, ásamt aðgerðaráætlun og eftirfylgni, og auka þannig aðgengi fatlaðs fólks í allri starfsemi sinni.
- Aðgengis- og inngildingarstefna verði mótuð í samráði við fjölbreytta hópa samfélagsins þar með talið fatlað listafólk.
- Lögfesta skal ákvæði um að hluti fjármagns lista- og menningarstofnanna fari í aukna inngildingu. Opinberar lista- og menningastofnanir sem eru fjármagnaðar af ríki og sveitarfélögum skulu veita að lágmarki 3% af árlegu rekstrarframlagi í inngildingar- og aðgengisverkefni innan stofnanna sinna. Val á verkefnum skuli vera í

samræmi við áherslur og markmið gildandi aðgengis- og inngildingarstefnu stofnunnar og tilgreint sérstaklega í árlegu uppgjöri og/eða ársskýrslu.

- Vefsíður opinberra lista- og menningastofnana fari eftir Web Content Accessibility Guidelines (WCAG) staðlinum til að tryggja aðgengilegar upplýsingar. Aðgengisupplýsingar skulu einnig vera tilteknar á vefsíðum.
- Aðgengisúttektir verði gerðar á lista- og menningastofnunum til að greina aðgengishindranir og úrlausnir.
- Settur verður á fót inngildingarsjóður lista og menningar sem styður við fatlað listafólk og aðgengislausnir til að tryggja jafnt aðgengi að lista- og menningarviðburðum. Stjórn sjóðsins verði skipuð að meirihluta af fötluðu fólki.
- Aðgengi fatlaðs fólks að háskólanámi í listum sé tryggt til jafns við ófatlað fólk í samræmi við 30.gr samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Greining verði gerð á aðgengi jaðarsettra hópa út frá margþættri mismunun að menningu og listum og lögð verði fram aðgerðaráætlun til að tryggja jafnt aðgengi þeirra sem tilheyra mörgum jaðarsettum hópum.
- Gera sérstaka greiningu á aðgengi fatlaðs fólks að listum og menningu utan höfðuðborgarsvæðisins.

Í viðhengi umsagnar má finna hverja tillögu og undir hvaða markmið og kafla sviðslistastefnunnar þær tilheyra.

Þar að auki gerir Tabú eftirfarandi athugasemdir við drög að sviðslistastefnu:

Í inngangi sviðslistastefnu er eftirfarandi texti:

*Sviðslistir eiga að vera aðgengilegar öllum **óháð lífsskoðun, trú, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund, uppruna, húðlit, búsetu, fjárhagslegum- og félagslegum aðstæðum** í samræmi við menningarsókn og landsáætlun stjórnvalda og er þar jafnt aðgengi barna að sviðslistum eitt meginmarkmið.*”

Í 7. Kafla (hér að neðan) er aðeins talað um óháð búsetu eða bakgrunni. Hér er einnig mikilvægt að tilgreina fötlun ásamt hinum mismunabreytunum líkt og í inngangi. Einkum sér í lagi vegna þess að fötluðu fólki hefur í gegnum tíðina verið mismunað um jafnt aðgengi að sviðslistamenntun.

7.1 Aðgengi að fræðslu og menntun í sviðslistum verði tryggt fyrir nemendur á öllum skólastigum óháð búsetu.

*Jafnt aðgengi barna og ungs fólks að sviðslistamenntun er mikilvægt réttlætis- og lýðheilsuþmál. Fjölbreytt fræðsla og menntun í sviðslistum þarf að vera aðgengileg öllum nemendum á grunn- og framhaldsskólastigi **óháð búsetu eða bakgrunni**. Menntakerfið og sviðslistastofnanir skulu vinna saman að því að rjúfa landfræðilegar og félagslegar hindranir svo ungt fólk fái aðgang að faglegri kennslu í sviðslistum, óháð ytri aðstæðum.*

9.1 Fjölbreyttur áhorfendahópur og inngilding

Sviðslistir hafa einstakan mátt til þess að stuðla að félagslegri samheldni. Til að sviðslistir nái til allra er mikilvægt að stofnanir nýti þann kraft sem þær búa yfir til að mæta fjölbreyttum áhorfendum. Aðeins með því að kortleggja hver taka þátt – og hver ekki – getum við tryggt að sviðslistir verði aðgengilegar öllum.

Hér er óljóst hvað átt er við að stofnanir nýti þann kraft sem þær búa yfir til að mæta fjölbreyttum áhorfendum. Er átt við sköpunarkraft, í krafti fjármagns, eða í mannauði stofnana? Í skýrslu starfshóps um þátttöku fatlaðs fólks í listum og menningu kom fram hjá forsvarfólki flestra menningarstofnana að skortur á fjármagni væri ein meginhindrun þess að stofnanir gætu gengið lengra í þjónustu við fatlað fólk og þannig mætt fjölbreyttum áhorfendum. Það fjármagn sem hefur verið sett í aðgengis- og inngildingarmál innan sviðslistastofnana kemur að mestum hluta af rekstrarfé og/eða hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, jafnvel foreldrafélögum. Kortlagning hvað varðar aðgengi fatlaðs fólks að sviðslistum er nú þegar til staðar og er það mat Tabú að ef greiningavinna á að koma í stað aðgerða og aukins fjármagns er það merki um frestunaráráttu stjórnvalda gagnvart málaflokknum. Dæmi um hve þörfin fyrir aukið fjármagn til aðgengis og inngildingar er mikil er að börn sem nota táknmál hafa að jafnaði aðgengi að einni táknmálstúlkaðri leiksýningu á ári en foreldrafélag heyrnarlausra barna niðurgreiðdi miða á söngleikinn Frost, ÖBÍ réttindasamtök hafa einnig komið að niðurgreiðslu táknmálstúlkunar. Þessi staða samræmist illa þeirri skyldu stjórnvalda að tryggja fötluðum börnum raunhæft og jafnt aðgengi að menningarlífi og listum samkvæmt 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og 31. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

9.1.3

Átaksverkefni í aðgengi og inngildingu

Menningarráðuneyti, í samstarfi við sviðslistastofnanir, standi að markvissu átaki sem miði að því að auka aðgengi fjölbreyttra hópa að sviðslistum á grundvelli áhorfendarannsókna og lýðfræðigreininga þeirra sem starfa á vettvangi sviðslista. Ráðstefna verði haldin með aðkomu sérfræðinga þar sem staðan er metin og næstu skref ákveðin.

Tabú er uppgengið á að mannréttindi fatlaðs fólks séu álitin sem átaksverkefni í stað þess að þau byggji á skýrri stefnu sem innleidd er með skipulögðum aðgerðum. Mannréttindi eru ekki tímabundin átaksverkefni eins og um sé að ræða enn einn megrunarkúrin sem skilar ekki langtíma árangri. Skýrsla starfshóps um þátttöku fatlaðs fólks að menningu og listum sýndi bersýnilega að til þess að auka aðgengi fjölbreyttra hópa að sviðslistum þarf að eyrnamerkja sérstakt fjármagn sem fer í uppfylla aðgengis- og inngildingastefnu innan sviðslistastofnanna.

Tabú er meðvitað að þegar stefna líkt og sviðslistastefna er smíðuð þarf hún að innihalda raunhæfar aðgerðir. Því viljum við að lokum undirstrika að nú þegar býr samfélagið okkar að dýrmætri reynslu stefnubreytingar Listahátíðar Reykjavíkur. Hátíðin sýndi það og sannaði í verki það sem við viljum sjá sviðslistastefnuna ná fram, markvissa aðgengis- og inngildingastefnu sem áorkar að öll upplifi sig tilheyrta, hvort sem um er að ræða þátttakendur eða áhorfendur.

Freyja Haraldsdóttir
Talskona Tabú

Jana Birta Björnsdóttir
Verkefnastýra Tabú

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir
Sjálfstætt starfandi sviðslistakona og meðlimur Tabú

Viðauki með umsögn Tabú feminískrar fötlunarhreyfingar um sviðslistastefnu 2026-2030

Tillögur starfshóps um þátttöku fatlaðs fólks í listum og menningu undir viðeigandi köflum sviðslistastefnu.

- **6. Á Íslandi er fjölbreytt og auðug sviðslistamenning sem byggir á traustum stöðum.**
 - **6.1 Sviðslistastofnanir eru burðarstólpur sviðslista á Íslandi**

- **Tillaga starfshóps 5.1.1**

Gerð verði aðgengis- og inngildingarstefna hjá öllum lista- og menningarstofnunum ásamt aðgerðaáætlun og eftirfylgni

Lista- og menningarstofnanir sem eru fjármagnaðar eða styrktar af ríki og/eða sveitarfélögum skuli hafa aðgengis- og inngildingarstefnu, ásamt aðgerðaáætlun sem byggist á henni. Stefna og áætlun skal taka til ytra og innra aðgengis. Tryggja skal að aðgengi og inngilding verði samofin allri starfsemi stofnunarinnar, allt frá ráðningu starfsfólks til markaðs- og kynningarstarfs, listrænnar dagskráargerðar, sýninga, viðburða og annarrar starfsemi á vegum opinberra lista- og menningarstofnana.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið.

- **Tillaga starfshóps 5.1.2**

Aðgengis- og inngildingarstefna mótuð í víðu samráði við fjölbreytta hópa

Aðgengis- og inngildingarstefna og aðgerðaáætlanir opinberra lista- og menningarstofnana skulu mótaðar í víðu samráði við fjölbreytta hópa samfélagsins, þar með talið fatlað listafólk og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Opinberar lista- og menningarstofnanir skulu endurskoða og uppfæra aðgengis- og inngildingarstefnu ásamt aðgerðaáætlun á minnst þriggja ára fresti og gera grein fyrir henni í árlegum skýrslum til stjórnvalda. Stofnunum standi til boða leiðbeiningar eða ráðgjöf frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu um viðmið fyrir aðgengis- og inngildingarstefnu. Settar verði kvaðir á stofnanir sem hafa óuppfærða eða enga aðgengisstefnu. Starfshópurinn leggur til að stjórnvöld lítil til góðrar reynslu Listahátíðar í

Reykjavík við hönnun og framkvæmd aðgengis og inngildingarstefnu í störfum sínum.

Ábyrgð: lista- og menningarstofnanir.

- **Tillaga starfshóps 5.2.1**

Settur verði á fót inngildingarsjóður lista og menningar

Settur verði á fót inngildingarsjóður lista og menningar sem styður við fatlað listafólk og aðgengislausnir sem tryggja jafnt aðgengi að lista- og menningarviðburðum. Þá fái fatlað listafólk sama aðgengi og ófatlað listafólk til þátttöku í lista- og menningarlífi samfélagsins. Sjóðurinn verði opinn fyrir umsóknir lista- og menningarhátíða, menningarmiðstöðva, verkefna listhópa og verkefna fatlaðs listafólks auk þess að styðja við þá umgjörð og innviði sem þarf til að styðja við fatlað listafólk. Tryggt skuli að meirihluti úthlutunarnefndar sjóðsins sé fatlað fólk.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

- **Tillaga starfshóps 5.2.2**

Starfshópur um inngildingarsjóð

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra skipi starfshóp sem hefur það hlutverk að útfæra stofnun inngildingarsjóðs lista og menningar, þar á meðal fjármögnun, úthlutunarreglur og aðra umsýslu. Tryggja skuli að útfærsla sjóðsins skerði ekki tækifæri fatlaðs listafólks til úthlutunar úr almennum sjóðum.

Stjórn sjóðsins skuli skipuð að meirihluta fötluðu fólki og tryggt að fjármunum sé skýrt skipt milli verkefna sem snúa að ytra og innra aðgengi. Einnig skuli tryggja aðkomu hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og fagfélaga í listum að starfshópnum.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

- **6.2 Sviðslistasjóður er skilvirkur og aðgengilegur fjölbreyttum hópum listafólks**
 - **Tillaga starfshóp 5.3**

Aukin inngilding í menningarsjóðum ríkisins

Gerð verði skýr krafa um inngildingu í menningarsjóðum á vegum ríkisins, svo sem í listamannalaunum, sviðslistasjóði, tónlistarsjóði, hönnunarsjóði, myndlistarsjóði, bókmenntasjóði og kvikmyndasjóði. Hver sjóður skuli skila skýrslu um hvernig aðgerðaáætlun hafi verið fylgt eftir.

Menningarsjóðir ríkisins skuli árlega gera grein fyrir hvernig þeir hafi stuðlað að inngildingu og hvaða árangur hafi náðst.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

- **7. Kafli. Aðgengi að fjölbreyttri menntun í sviðslistum er tryggt**
 - 7.1 Aðgengi að fræðslu og menntun í sviðslistum verði tryggt fyrir nemendur á öllum skólastigum óháð búsetu.

- **Tillaga starfshóps 5.4**

Tryggt aðgengi að listnámi

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra í samvinnu við mennta- og barnamálaráðherra skuli bregðast við skertu aðgengi fatlaðs fólks að viðurkenndu listnámi og tryggja fötluðu listafólki jafnt aðgengi að menntun til jafns við ófatlað fólk í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á öllum skólastigum.

Til að tryggja jafnt aðgengi fatlaðra listnema að viðurkenndu listnámi verði:

- Menntastofnanir, byggingar og kennslustofur að vera aðgengileg fötluðu fólki.
- Nemendur af starfsbraut að fá viðurkennd prófskírteini sem metin eru til jafns við stúdentspróf og tryggja þeim stuðning til að stunda nám. Inntökuviðmið í listnám skuli byggjast á raunhæfri hæfni, skapandi ferli eða verkum, ekki einvörðungu á formlegum menntunarviðmiðum.
- Engum umsækjanda neitað um að sækja viðurkennt listnám á grundvelli fötlunar.
- Engum umsækjanda neitað um að sækja viðurkennt listnám á þeirri forsendu að menntastofnun geti ekki veitt fötluðum nemendum stuðning.

Starfshópurinn leggur til að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra í samvinnu við mennta- og barnamálaráðherra gefi út fullfjármagnaða aðgerðaáætlun með tímasettum markmiðum til að tryggja skilvirkar úrbætur í þágu jafnréttis og listmenntunar fatlaðs fólks innan hálfis árs.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

- **9. Kafli. Sviðslistir mæta fjölbreyttum áhorfendahópi jafnt innan lands sem utan**
 - 9.1 Fjölbreyttur áhorfendahópur og inngilding

- **Tillaga starfshóps 5.1.4**

Tryggt aðgengi að vefsetrum opinberra lista- og menningarstofnana og smáforritum þeirra í samræmi við WCAG staðalinn

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra gefi út tilskipun til allra opinberra lista- og menningastofnana um að gera úttekt á vefsíðum sínum og uppfæra þær í samræmi við aðgengiskröfur WCAG-staðalsins. Jafnframt skuli allar upplýsingar um aðgengislausnir opinberra lista- og menningastofnana vera aðgengilegar á vefsíðum þeirra. Öllum opinberum lista- og menningastofnunum beri að upplýsa menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra um lok uppfærslu vefsíðna í samræmi við aðgengiskröfur WCAG-staðalsins eigi síðar en hálfu ári frá móttöku tilskipunar.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

- **Tillaga starfshóps 5.1.5**

Aðgengisúttekt á lista- og menningarstofnunum

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra láti gera úttekt á ytra aðgengi opinberra lista- og menningarstofnana sem fjármagnaðar eru af ríki eða sveitarfélögum. Markmiðið verði greining á áþreifanlegum og tæknilegum aðgengishindrunum, leiðir til úrbóta og kostnaðargreining á einskiptisaðgerðum. Í kjölfarið verði gerð kostnaðaráætlun, einskiptis aðgerðum forgangsraðað, kostnaður tryggður í fjárlögum hvers árs og skýr tímalína sett fyrir verklok allra aðgerða. Undirbúningur viðmiða og verkferla fyrir aðgengisúttekt skuli unnin í virku samráði við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

- **Tillaga starfshóps 5.1.3**

Hluti fjármagns lista- og menningarstofnana fari í aukna inngildingu

Lögfesta skal ákvæði um lágmarkshlutfall fjármagns lista- og menningarstofnana sem varið er til inngildingar og aðgengis. Opinberar lista- og menningarstofnanir sem fjármagnaðar eru af ríki og sveitarfélögum skuli veita að lágmarki 3% af árlegu rekstarframlagi í inngildingar- og aðgengisverkefni innan stofnana sinna. Val á verkefnum skuli vera í samræmi við áherslur og markmið gildandi aðgengisstefnu stofnunar og tilgreint sérstaklega í árlegu uppgjöri og/eða ársskýrslu. Starfshópurinn leggur til að ríki og sveitarfélög sýni inngildingu í verki, gangi á undan með góðu fordæmi og hækki árleg fjárframlög til lista- og menningarstofnana á sínum vegum um að minnsta kosti 3% í samræmi við árlegt hlutfall af rekstrarfé stofnana í þágu inngildingar og aðgengismála.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

- **Tillaga starfshóps 5.5**

Aðgengi og inngilding utan höfuðborgarsvæðisins

Í framhaldi af þessari skýrslu verði ráðist í sérstaka greiningu á aðgengi fatlaðs fólks að menningu og listum utan höfuðborgarsvæðisins. Slík vinna myndi leiða af sér aðgerðaáætlun sem miðast sérstaklega við hvern landshluta, í samstarfi við svæðisbundna menningarsjóði, listafólk og sveitarfélög.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.

- **Tillaga starfshóps 5.6**

Margþætt mismunun og aðgerðir til að auka inngildingu fyrir öll

Jafnframt þurfi að greina stöðu jaðarsettra hópa út frá margþættri mismunun (intersectionality) þar sem fötlun getur skarast við kyn, kynhneigð, aldur, uppruna, efnahagsstöðu og aðra samfélagslega þætti. Nauðsynlegt sé að vinna nýja skýrslu sem greinir þessa margþættu stöðu og lögð verði fram aðgerðaáætlun sem tryggir að öll sem standa utan meginstrauma menningar fái jöfn tækifæri til þátttöku í listum og menningu, óháð búsetu eða bakgrunni.

Ábyrgð: menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið.